

## Skólaráð Áslandsskóla

### Föstudagur 01.11.2019 kl. 8:15 í fundarherbergi

**Mættir:** Pétur Ingvarsson (kennarafulltrúi), Jónína Dögg Loftsdóttir (kennarafulltrúi), Freyja Jóhannsdóttir (fulltrúi starfsfólks) Kristín Ólöf Grétarsdóttir (foreldrafulltrúi), Guðrún Heiða Sigurgeirsdóttir (foreldrafulltrúi) Leifur s. Garðarsson (skólastjóri), Unnur Elfa Guðmundsdóttir (aðstoðarskólastjóri).

#### Dagskrá:

1. Nýir meðlimir ráðsins kynntir
2. Fundartími ákveðinn fyrir skólaárið 2019-2020 en hann verður á föstudögum kl. 8:15
3. Farið yfir drög að skipulagi skólaráðs skólaárið 2019-2020
4. Úttekt á skólanum, framkvæmdaáætlun á umbótaráætlun kynnt fyrir nefndarmönnum  
Ábending frá nefndarmanni að halda á lofit jákvæðum þáttum á því góða starfi sem verið er að vinna í Áslandsskóla og kom fram í úttektinni.
5. Matarmál  
Hafragrautur fyrir alla nemendur í 1.-10.bekk. Tímasetning kl. 7:50-8:10. Fín mæting. Suma daga eru 100 nemendur sem mæta í hafragraut og suma daga mæta 50 nemendur.  
Ávaxtastund fyrir alla nemendur í 10. bekk. Þátttaka mjög mikil í 1.-5. bekk, aðeins minna í 6. og 7. bekk og ca 15-20 unglingar sem eru í áskrift. Ávextirnir eru niðurskornir fyrir alla en unglingarnir hafa einnig val um að fá heilan ávöxt óskorinn.
6. Unglingadeild – aðstaða á ganginum. Ný borð voru sett á ganginn í haust og spil sem unglingarnir völdu á hvert borð. Umgengni er ekki frábær og sum spil virka betur en önnur. Skák er vinsæl. Umræður um að auka töfl og minnka önnur spil.
7. Bekkjatenglafundur. Ekki góð mæting. Rætt um að gera breytingar á dagskrárliðum, hafa ákveðið atriði sem taka á fyrir á hvejrur fundi og vera búin að senda út fyrirfram til foreldra.
8. Skólaföt. Umræður. Stefnt á fund með foreldraráði og aðilum frá skólanum sem sjá um fötin.
9. Skólalóð. Pannavellir – kominn styrkur til kaupa á einum pannavelli. Rætt um að fá styrk frá húseigendum um að setja hann upp á skólalóðinni. Skólastjórnendur fara í það mál.  
Umræður um að kaupa skóflur til að krakkarnir geti mokað sparkvöllinn þegar fer að snjóa.
10. Skóhorn. Passa upp á að það séu allaf skóhorn í öllum anddyrum. Plastsjóhorn reynast best.
11. Ipad – sími. Rætt um notkun og reglur. Rætt um að kenna nemendum á notkun þeirra.  
Símalaus fimmtudagur verður áfram.
12. Forvarnarfræðsla. Rætt um SAFT bæði fyrir nemendur og foreldra. Foreldraráð skoðar hvað er í boði og hefur samráð við skólann um val.
13. Seglar á ísskáp með útivistartíma og skjátíma. Foreldraráð kannar hjá foreldraráði HF.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:15

Fundargerð ritaði aðstoðarskólastjóri.